

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 29. janúar 2015

Heildarhagnaður ársins 259 mkr

Helstu upplýsingar

- Heildarhagnaður ársins nam 259 mkr og 110 mkr á fjórða ársfjórðungi [2013:Heildartap 1.608 mkr, Q4 2013: Heildartap 496 mkr]
- EBITDA nam 827 mkr (7,2%) á árinu 2014 og 241 mkr (7,3%) á fjórða ársfjórðungi [2013:302 mkr (2,8%), Q4 2013:58 mkr (1,9%)]
- Rekstrarhagnaður nam 528 mkr fyrir árið í heild og 167 mkr á fjórða ársfjórðungi [2013: tap 146 mkr, Q4 2013 tap 157 mkr]
- Vöru- og þjónustusala á árinu nam 11.572 mkr og 3.315 mkr á fjórða ársfjórðungi [2013:10.940 mkr, Q4 2013: 3.052 mkr]
- Framlegð nam 3.012 mkr (26,0%) á árinu 2014 og 840 mkr (25,3%) á fjórða ársfjórðungi [2013: 2.430 mkr (22,2%), Q4 2013:655 mkr (21,5%)]
- Jákvæð rekstrarafkoma var hjá öllum félögum samstæðunnar á árinu
- Rekstur TEMPO skilinn frá TM Software ehf.
- TM Software keypti í desember fjárhagslausnina FOLIO sem hluti af lausnaframboði TEMPO
- Nýherji er „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við HÍ

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur samstæðu Nýherja gekk vel á árinu 2014. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 827 milljónum, eða um 7,2% af veltu. Hagnaður eftir skatta var 259 milljónir, sem svarar til 31% arðsemi á eigið fé. Á undanförunum árum hefur rekstur Nýherja markast af miklum sveiflum sem torvelda samanburð milli ára. Engu að síður er ljóst að síðasta rekstrarár er eitt það besta í ríflega 20 ára sögu félagsins og mjög jákvæður viðsnúningur frá árinu 2013.

Góð niðurstaða ársins 2014 er ánægjuleg staðfesting þess að nýjar áherslur í rekstri Nýherja eru til þess fallnar að skapa verðmæti fyrir eigendur, viðskiptavinum og samfélagið allt. Þótt stór skref hafi verið stigin á síðasta ári, er umtalsverð vinna eftir, til að treysta afkomu og bæta eiginfjárstöðu félagsins, sem er of lág. Þar horfum við til áframhaldandi hagræðingar í rekstri og breytinga á félagaskipan Nýherja. Aðskilnaður rekstrar TEMPO frá TM Software ehf. er mikilvægt skref í þessari vegferð. Við náum að skerpa áherslur í sérhæfðri hugbúnaðarþróun á vegum TM Software. Um leið verður TEMPO vörumerkið sýnilegra og fleiri tækifæri verða til samstarfs við utanaðkomandi aðila um að styðja við hraðan vöxt, m.a. með tengslamyndun og fjármögnun á vöruþróun og markaðsstarfi.“

Rekstrarreikningur 2014

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	12M 2014	12M 2013
Seldar vörur og þjónusta	11.572	10.940
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(8.560)	(8.511)
Framlegð	3.012	2.430
Rekstrarkostnaður	(2.484)	(2.473)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	(103)
Rekstrarhagnaður	528	(146)
Hrein fjármagnsgjöld	(292)	(216)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	236	(362)
Tekjuskattur	31	52
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	268	(310)
Tap af aflagðri starfsemi	(26)	(1.303)
Hagnaður (tap) ársins	241	(1.613)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	17	5
Heildarhagnaður (-tap) ársins	259	(1.608)
EBITDA	827	302

- Sala á vöru og þjónustu nam 11.572 mkr árið 2014 samanborið við 10.940 mkr árið 2013, sem er aukning um 5,8% á milli ára.
- Framlegð nam 3.012 mkr (26,0%) samanborið við 2.430 mkr (22,2%) í fyrra. Á tímabilinu var eignfærður 223 mkr þróunarkostnaður vegna hugbúnaðarlausna Tempo hjá TM Software ehf. Án eignfærslu er framlegð árið 2014 2.789 mkr (24,1%).
- Rekstrarkostnaður var 2.484 mkr á árinu, sem er 21,5% af tekjum samanborið við 22,6% hlutfall af tekjum ársins 2013.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 292 mkr árið 2014, samanborið við 216 mkr árið 2013. Munurinn skýrist að mestu vegna leiðréttinga á vaxtagjöldum vegna endurútreknings sem var árið 2013 og kom til lækkunar á fjármagnsgjöldum það árið.
- Í mars 2014 var starfsemi danskra félaga Nýherja seld og var tap af rekstri 26 mkr á árinu.
- EBITDA nam 827 mkr árið 2014 samanborið við 302 mkr árið 2013. Öll félög Nýherjasamstæðunnar skiluðu jákvæðri EBITDA á árinu. Án eignfærslu hefði EBITDA verið 604 mkr.
- Heildarhagnaður ársins 2014 nam 259 mkr samanborið við 1.608 mkr heildartap árið 2013.

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Efnahagsreikningur 31.12.2014 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	3.038	3.049
Veltufjármunir	2.732	2.982
Eignir samtals	5.771	6.031
Eigið fé	963	665
Langtímaskuldir	2.651	2.090
Skammtímaskuldir	2.157	3.276
Eigið fé og skuldir samtals	5.771	6.031
Veltufjárhlutfall	1,27	0,91
Eiginfjárhlutfall	16,7%	11,0%

- Veltufjármunir lækka á milli ára vegna lækkunar á handbæru fé um 250 mkr, viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 78 mkr á milli ára, en birgðir hækka á móti um 200 mkr.
- Langtímaskuldir hækka um 561 mkr frá árslokum 2013 þar sem skammtímalán að upphæð 650 mkr var endurfjármagnað á öðrum ársfjórðungi.
- Skammtímaskuldir lækka um 1.119 mkr frá árslokum 2013 þar sem vaxtaberandi skammtímaskuldir lækka um 684 mkr. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir lækka að auki um 436 mkr frá áramótum.
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 123 mkr og eru 3.028 mkr í árslok 2014.
- Veltufjárhlutfall er 1,27 og hækkar frá árslokum 2013 þegar hlutfallið var 0,91. Eiginfjárhlutfall er 16,7% og hækkar frá árslokum 2013 þegar hlutfallið var 11,0%.

Sjóðstreymi 2014

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	12M 2014	12M 2013
Handbært fé frá rekstri	318	561
Fjárfestingahreyfingar	(330)	(268)
Fjármögnunarahreyfingar	(354)	(50)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(366)	243
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	(10)
Handbært fé í ársbyrjun	451	218
Handbært fé í árslok	79	451

- Handbært fé frá rekstri var 318 mkr árið 2014 samanborið við 561 mkr árið 2013. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru neikvæðar um 219 mkr árið 2014 samanborið við jákvæða breytingu um 600 mkr árið 2013.
- Handbært fé í lok árs 2014 nam 79 mkr samanborið við 451 mkr í lok árs 2013.

Rekstrarniðurstaða á fjórða ársfjórðungi 2014

Ársfjórðungsfirlið - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F4 2014	F3 2014	F2 2014	F1 2014	F4 2013
Seldar vörur og þjónusta	3.315	2.545	2.853	2.859	3.052
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.475)	(1.876)	(2.104)	(2.106)	(2.397)
Framlegð	840	669	749	753	655
Rekstrarkostnaður	(674)	(558)	(616)	(637)	(710)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	0	0	(103)
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	167	112	134	116	(157)
Hrein fjármagnsgjöld	(111)	(98)	(52)	(31)	(1)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	55	13	82	86	(158)
Tekjuskattur	69	(2)	(17)	(19)	33
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	124	12	65	67	(125)
Tap af aflagðri starfsemi	0	0	0	(26)	(390)
Hagnaður (tap) tímabilsins	124	12	65	41	(515)
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	(2)	0,5	4	15	28
Þýðingarmunur færður í rekstrarreikning vegna sölu á dótturfélagi	0	0	0	0	(9)
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	110	12	69	56	(496)
EBITDA	241	188	207	191	58

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.315 mkr á fjórða ársfjórðungi 2014 samanborið við 3.052 mkr á sama tímabili árið 2013 og hækkar um 263 mkr, eða um 8,6%.
- Framlegð var 840 mkr (25,3%) á fjórða ársfjórðungi samanborið við 655 mkr (21,5%) framlegð á sama tíma í fyrra. Á fjórða ársfjórðungi var eignfærður 68 mkr þróunarkostnaður hjá TM Software ehf. Án eignfærslu hefði framlegð verið 772 mkr (23,3%).
- Rekstrarkostnaður er 674 mkr á fjórða ársfjórðungi 2014 sem er hækkun um 36 mkr frá sama tíma í fyrra.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 111 mkr á fjórða ársfjórðungi, sem er töluvert hærra heldur en í fyrra. Helsta skýringin á hærri fjármagnsgjöldum er að í fjórða ársfjórðungi 2013 kom inn leiðrétting á vaxtagjöldum vegna endurútreiknings upp á 96 mkr.
- EBITDA var 241 mkr á fjórða ársfjórðungi 2014 samanborið við 58 mkr EBITDA á sama tímabili árið 2013. Öll félög Nýherja samstæðunnar skiluðu jákvæðri EBITDA á ársfjórðungnum. Án eignfærslu hefði EBITDA verið 173 mkr.
- Heildarhagnaður í ársfjórðungnum var 110 mkr samanborið við heildartap upp á 496 mkr á sama tímabili í fyrra.

Nýherji: Ágætur rekstur

Afkoma Nýherja var ágæt á árinu 2014 og mun betri en árið á undan. Tekjur námu 8.350 mkr og hækka um 2,4% á milli ára. Vörusala gekk vel, sérstaklega á síðari hluta árs og eftirspurn eftir tækni- og sérfræðipjónustu jókst í takt við áætlanir. Fjöldmörg fyrirtæki sömdu um tækniþjónustu, hýsingu og rekstur við Nýherja, m.a. VÍS, Icelandic Group, Festi og Reginn. Þá var innleidd tímamótalausn fyrir Meniga, um rekstur á netþjónaumhverfi fyrir alþjóðlega viðskiptavinum þeirra í Tölvuskýi Nýherja. Mjög góður vöxtur var í sölu prentlausna Nýherja, Rent A Prent. Nýherji rekur nú rúmlega 1.100 prenttæki í fjarvöktun hjá fleiri en 120 fyrirtækjum og um 230 stöðum um allt land.

Á haustmánuðum hóf Nýherji kynningu og sölu á hugbúnaðarlausnum á sviði markaðsmála, öryggismála, rafrænna viðskipta og fyrir snjalltæki og var þeim vel tekið. Eftirtektarverður árangur náðist svo í sölu á Lenovo tölvubúnaði á árinu, en um 12 þúsund Lenovo tæki voru seld, sem er ríflega 30% söluaukning milli ára. Þá er sala á IBM System X netþjónum nú undir merkjum Lenovo, sem er hluti af auknum áherslum Lenovo í sölu á miðlægum búnaði til fyrirtækja. Með þessum breytingum er Lenovo orðinn þriðji stærsti netþjónaframleiðandi heims. Með nýju skipulagi móðurfélags, *Heildverslun & Dreifingu*, var aukinn þungi settur í samstarf við endursöluaðila, sem skilaði sér í meiri eftirspurn eftir einstaklingsbúnaði frá leiðandi vörumerkjum á borð við Sony, Canon, Bose og Lenovo.

Nýtt skipulag Nýherja tók gildi í byrjun október og hefur strax skilað ávinningi með markvissara sölustarfi og aukinni hagkvæmni. Á sama tíma hefur Nýherji haldið áfram að auka þjónustugæði gagnvart viðskiptavinum og aukið vitund á mikilvægi þjónustu meðal starfsfólks.

Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr áhættu í rekstri félagsins. Mikill þungi hefur verið á stýringu öryggismála, með áframhaldandi vottun stjórnkerfis upplýsingaöryggis. Á haustmánuðum náðist svo samkomulag við kröfuhafa Roku ehf. um slit á félaginu og niðurfellingu á dómsmálum á hendur Nýherja hf., sem dregur úr áhættu á áföllum í rekstri.

Nýherji er fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum samkvæmt mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, að undangenginni ítarlegri úttekt Capacent.

Horfur í rekstri Nýherja á fyrsta ársfjórðungi 2015 eru ágætær.

TM Software: 84% vöxtur erlendra tekna

Rekstur TM Software, sem sérhæfir sig í þróun sérhæfðra hugbúnaðarlausna, gekk vel á fjórða ársfjórðungi og árinu í heild. Tekjur félagsins jukust um 31% frá sama tímabili í fyrra og námu 1.663 mkr. Erlendar tekjur af TEMPO verkefnaumsjónar- og tímaskráningarlausn jukust um 84% milli ára og voru 45% af heildartekjum fyrirtækisins.

Gengið var frá mikilvægum þróunar- og þjónustusamningum á síðasta ársfjórðungi 2014, bæði innanlands og erlendis. Sérhæfðum þróunarverkefnum innanlands á sviði veflausna fjölga stöðugt og erlendis vinnur veflausnarsvið að verkefnum með samstarfsaðilum bæði í N-Ameríku og Evrópu.

Undir lok árs 2014 keypti TM Software fjárhagslausnina FOLIO frá kanadíska fyrirtækinu Kitologic Inc. Kaupin gera TM Software kleift að bjóða upp á öflugra heildarlausn fyrir fyrirtæki undir vörumerkinu TEMPO, þ.e. Timesheet, Planner, Books og Folio. Stöðugildum vegna TEMPO fjölgaði um 25 á árinu.

Eitt stærsta verkefni TM Software á árinu var þróun og innleiðing á Veru-heilsuvef. Vefurinn, sem var unninn fyrir Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, gerir almenningi kleift að eiga í rafrænum samskiptum við heilbrigðisþjónustuna, gefur aðgang að eigin sjúkraskrá ásamt möguleikanum að skrá upplýsingar um eigin heilsu.

Afkoma TM Software á árinu 2014 var góð og yfir áætlun.

Rekstur Tempo aðskilinn frá TM Software ehf.

Fleiri en 6.000 fyrirtæki í meira en 100 löndum nota nú TEMPO hugbúnaðinn. Velta síðasta árs var nálægt sex milljónum Bandaríkjadala, samanborið við rúmlega þrjár milljónir dollara árið 2013. Til að styðja við áframhaldandi vöxt TEMPO og efla og skerpa á starfsemi TM Software hefur verið ákveðið að skilja TEMPO frá rekstri TM Software og stofna um það sér fyrirtæki, Tempo Software ehf.

Markmiðið með aðskilnaði Tempo frá annarri starfsemi TM Software er að auka sýnileika og styrkja uppbyggingu TEMPO sem vörumerkis. Jafnframt aukast tækifæri til samstarfs við utanaðkomandi aðila um að styðja við hraðan vöxt, m.a. með tengslamyndun og fjármögnun á vörubrúun og markaðsstarfi.

Eftir breytinguna eru til tvö afar öflug félög á sviði hugbúnaðarþróunar, með skýrt afmarkaðar áherslur, vörur og markaðssvæði. Sérhæfðar lausnir, m.a. á sviði heilbrigðis- og ferðaþjónustu verða áfram þróaðar undir hatti TM Software og starfa þar um 70 manns. Sala og þróun á TEMPO lausnum verður færð í nýstofnað félag og verða starfsmenn þess 50 við stofnun. TM Software mun áfram leggja áherslu á nýsköpun og sérhæfða hugbúnaðarþróun en Tempo Software mun einbeita sér að þróun og sölu á TEMPO hugbúnaði á alþjóðlegum markaði.

Tempo Software ehf. hefur starfsemi 1. febrúar 2015 og framkvæmdarstjóri þess félags verður Ágúst Einarsson. Framkvæmdastjóri TM Software ehf. verður Hákon Sigurhansson.

Góðar horfur eru í rekstri bæði Tempo Software og TM Software.

Applicon á Íslandi: Afkoma umfram áætlunir

Applicon ehf. sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun lausna á sviði viðskiptahugbúnaðar og viðskiptagreindar. Tekjur hækkuðu um 7,8% á milli ára og voru 990 mkr árið 2014. Afkoma félagsins á árinu var góð og umfram áætlunir. Árið einkenndist af fjölbreyttum verkefnum, m.a. að uppskiptingu á sölu og dreifingu hjá Orkuveitu Reykjavíkur, innleiðingar á SAP áætlunar- og samstæðukerfum og ráðgjöf á sviði fjárhags- og vörustjórnunar hjá nýjum viðskiptavinum. Tímabilið var ennfremur nýtt í þróun eigin lausna, þá sér í lagi á Kjarna (kjarni.applicon.is) sem er lausn á sviði mannauðs- og launamála og er hýst í Nýherja skýinu. Þá voru tekin skref með nýtingu SAP HANA gagnagrunnstækni sem dregur stórlega úr kostnaði við rekstur á upplýsingatækni, en í lok árs var samið við Lýsingu um kaup og innleiðingu á SAP HANA. Einnig var unnið að áhugaverðum tækifærum með systurfyrirtæki Applicon í Svíþjóð.

Verkefnastaða og horfur eru ágætær.

Applicon í Svíþjóð: Viðsnúningur í rekstri en afkoma undir áætlun

Applicon í Svíþjóð sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu við fjármálafyrirtæki í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum. Tekjur félagsins voru 965 mkr á árinu. Þó að afkoma félagsins hafi verið undir áætlunum, þá var rekstur félagsins í jafnvægi sem er jákvæður viðsnúningur frá árinu 2013. Nýting á ráðgjöfum var góð en lakari afkoma fyrri hluta ársins skýrist af því að félagið hefur lagt aukna áherslu á þróun og sölu á skýþjónustu sem tengjast bankalausnum í SAP og byggir á nýlegri innleiðingu bankakerfa fyrir Landshypotek bankann í Svíþjóð.

Horfur hjá félaginu eru jákvæðar og vinna hafin við stærri verkefni sem samið var um á árinu.

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í tekjum og afkomu Nýherja og dótturfélaga á árinu 2015.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok desember var 2.124 milljónir. Lokaverð 31. desember 2014 var kr. 5,18 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. desember 2014 voru 410.000.000. Hluthafar voru 329 talsins í lok desember 2014.

Kynningarfundur 30. janúar klukkan 14:00

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 30. janúar næstkomandi í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl 14:00. Á fundinum mun Finnur Oddsson forstjóri kynna afkomu félagsins og svara fyrirspurnum.

Fjárhagsdagatal fyrir 2015:

- 29. janúar 2015: Ársuppgjör ársins 2014.
- 13. febrúar 2015: Aðalfundur ársins 2014.
- 29. apríl 2015: Uppgjör 1. ársfjórðungs ársins 2015.
- 26. ágúst 2015: Uppgjör 2. ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða ársins 2015.
- 28. október 2015: Uppgjör 3. ársfjórðungs og fyrstu níu mánaða ársins 2015.
- 28. janúar 2016: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2015.
- 26. febrúar 2016: Aðalfundur ársins 2015.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 29. janúar 2015. Ársreikningur Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Ársreikningurinn er endurskoðaður af KPMG, endurskoðendum félagsins. Aðalfundur Nýherja hf. verður haldinn föstudaginn 13. febrúar næstkomandi kl. 16:00 að Borgartúni 37, Reykjavík.

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Stöðugildi hjá Nýherjasamstæðunni voru 458 í lok desember 2014. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Stjórn Nýherja: Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri, (Sími 862 0310 eða fo@nyherji.is) og Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (Sími 825 9001 eða gp@nyherji.is).

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.